



# SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/136

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 125/1858*  
*komudagur 28.4.2000*

Suðurlandsbraut 6  
108 Reykjavík  
Sími/Tel.: +354-568 1612  
Bréfsími/Fax: +354-568 9664

26. apríl 2000.

Samgöngunefnd Alþingis,  
nefndasvið Alþingis,  
Þórshamri v. Templarasund,  
150 Reykjavík.

**Efni: Um frumvörp til laga um rannsókn sjóslysa, 567. mál, og til breytinga á siglingalögum, 568. mál.**

Með bréfi samgöngunefndar Alþingis dags. 13. þ.m., var óskað umsagnar Sambands íslenskra tryggingafélaga (S.Í.T.) um ofangreind þingmál. Mál þessi voru lögð fram á síðasta þingi, og var þá m.a. leitað umsagnar S.Í.T. um þau. Eru þau lögð fram á nýjan leik, nokkuð breytt. Með frumvörpunum mun ætlunin sú að skjóta styrkari stoðum undir sjóslysarannsóknir hér á landi, efla rannsóknarnefnd sjóslysa og auka sjálfstæði hennar með sérstakri löggjöf. Samhliða því eru lagðar til breytingar á siglingalögum, en í 230. gr. þeirra laga er nú fjallað um starfsemi rannsóknarnefndarinnar. Loks er í frumvörpunum að finna tillögur um nokkrar breytingar á ákvæðum siglingalaga um sjópróf. Stjórn S.Í.T. getur almennt tekið undir nauðsyn þess, að slysarannsóknir hér á landi verði eflaðar. Um efni frumvarpanna leyfir stjórn S.Í.T. sér þó að hreyfa eftirfarandi atriðum:

**1. Frumvarp til laga um rannsókn sjóslysa, 567. mál.**

Í 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins segir orðrétt, að rannsóknir sjóslysa samkvæmt lögum þessum miða að því einu að koma í veg fyrir slys um borð í skipum og að öryggi til sjós megi aukast. Þá segir efnislega í 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins að rannsókn á meintri refsiverðri háttsemi í tengslum við sjóslys sé óháð rannsókn samkvæmt lögnum. Nauðsynlegt er að áréttu í 4. mgr., að lögin taki hvorki til rannsóknar á skaðabótaskyldu né refsiverðri háttsemi. **Því er lagt til, að við 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins bætist nýr málslíður, er hljóði svo: "Sama gildir um rannsókn á skaðabótaskyldu vegna sjóslysa".**

**2. Frumvarp til breytinga á siglingalögum nr. 34/1985, 568. mál.**


Hér er aðallega um að ræða breytingar á siglingalögum, sem eðlilegt er að ráðast í, verði sett sérstök löggjöf um rannsókn sjóslysa. Í frumvarpinu eru m.a. gerðar tillögur um breytingar á 220. gr. siglingalaga, en þar er fjallað um sjópróf. Er lýst stuðningi við þær, svo langt sem þær ná. Á hinn bóginn vill Stjórn S.Í.T. vekja athygli á, að í stað sjóprófa getur stundum tiltölulega einföld rannsókn lögreglu nægt til að skýra málsatvik vegna slysa og munatjóna með tilliti til bótaskyldu. Í

siglingalögum er þó ekki beint gert ráð fyrir slíku úrræði. Sýnist það nauðsynlegt, og skal sú staðhæfing skýrð nokkru nánar.

Í ýmsum ákvæðum laga er mælt fyrir um afskipti lögreglu og rannsókn vegna slysa og eignatjóna, þótt slíkt sé ekki endilega liður í rannsókn á refsiverðu athæfi. Þannig er í 81. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum kveðið á um skyldu atvinnurekanda að tilkynna viðkomandi lögreglustjóra, hafi orðið eitrun eða slys á vinnustað. Samkvæmt 22. gr. laga um brunavarnir og brunamál nr. 41/1992 ber lögreglu að annast rannsókn vegna eldsvoða. Í 10. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er vikið að afskiptum lögreglu vegna umferðaróhappa, jafnt eignatjóna sem slysum á fólki. Síðast en ekki síst skal minnt á lög nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Þar segir í 3. tölulið 66. gr., að rannsókn skuli fara fram svo sem tíðkast hefur út af mannlátum, mannhvörfum, eldsvoðum, slysum og öðrum óförum, enda þótt ekki liggi fyrir sérstakur grunur um refsivert atferli. Ákvæði af þessu tagi eru í alla staði eðlileg, því að atbeini og rannsókn lögreglu er iðulega nauðsynlegur til þess að borgararnir, sem orðið hafa fyrir tjóni, geti náð fram rétti sínum, ýmist gagnvart þeim aðila sem ábyrgur er fyrir tjóni eða eftir atvikum vátryggingarfélagi. Í mörgum tilvikum hefur lögregla annast skýrslutökur, m.a. vegna slysa á sjó, í samræmi við ofangreindar reglur og meginsjónarmið. Því miður hefur þó einnig orðið vart mikillar tregðu hjá stöku lögreglustjóraembætti að sinna slíkum skýrslutökum. Hefur það gerst þrátt fyrir áðurnefnt ákvæði í 66. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Má nefna dæmi þess, að slík afstaða hafi valdið öllum hlutaðeigandi vandræðum, ekki síst hinum slösuðu. Þar sem beiðni um skýrslutökur vegna slysa hefur verið hafnað, hefur m.a. orðið að efna til umfangsmikilla og dýrra sjóprófa, og það í raun að óþörfu, þar sem venjuleg lögreglurannsókn hefði nægt. Með vísan til ofanritaðs er lagt til að tekið verði upp í 221 gr. siglingalaganna nýtt ákvæði, sem verði lokamálgrein þeirrar greinar. Því er lagt til, að 3. gr. d-lið frumvarpsins verði breytt og hljóði svo: "Siglingastofnun Íslands, eigandi, útgerðarmaður, leigutaki skips eða skipstjóri fyrir þeirra hönd, farmeigandi eða vátryggjandi skips, áhafnar, farþega eða farms, yfirvélstjóri, meiri hluti skipshafnar eða hlutaðeigandi stéttarfélag sjómanna geta óskað eftir lögreglurannsókn vegna hvers konar sjóslysa, sem hafa í för með sér skaða á mönnum, skipi eða öðrum verðmætum. Nú hlýst tjón af siglingu skips eða útgerð skips og getur þá tjónþoli á sama hátt óskað rannsókna".

Fulltrúar Sambands íslenskra tryggingafélaga eru reiðubúnir að skýra sjónarmið sín ítarlegar fyrir samgöngunefnd, telji nefndin ástæðu til slíks.

Með vinsemd og virðingu,  
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

  
Sigmar Ármannsson